

16. apríl 1985

301

Nr. 167

## REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 18. janúar 1985 um stjórn  
botnfiskveiða 1985, sbr. reglugerð nr. 161 1985.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ný grein, svohljóðandi:

27. gr.

Sérhverjum útgerðaraðila, sem veitt hefur verið almennt veiðileyfi samkvæmt 2.-4. gr. reglugerðarinnar skal ákvarðað og úthlutað til viðbótar þorskaflamarki, sem svarar til 5% þess aflamarks þorsks, sem honum hefur áður verið úthlutað. Sama gildir um þorskaflahámark samkvæmt 16. gr. til handa þeim aðilum sem úthlutað hefur verið sóknarmarki sbr. 12.-17. gr. reglugerðarinnar. Þó skal slík úthlutun aldrei verða minni en 1 tonn þorsks á hvert það skip, sem fengið hefur áður úthlutað þorskaflamarki. Jafnframt skal sameiginlegt heildaraflamark þorsks fyrir báta undir 10 brl. samkvæmt 5. gr. reglugerðarinnar hækkað um 5% fyrir hvert tímabil.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 4. gr. laga nr. 118 31. desember 1984. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 118 31. desember 1984, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 16. apríl 1985.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Jón L. Arnalds.*